

8. fundur

Þriðjudaginn 20. janúar 2026 kom stjórn og varastjórn saman til fundar á skrifstofu félagsins og hófst hann kl 17.00.

Mætt voru: Halldór Óli Kjartansson, Stefán Jónsson, Anna Hafdís Jóhannesdóttir, Agnes Reykdal, Eiður Stefánsson, Hulda Björnsdóttir (fjar) og Claudia Lobindzus (fjar).

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá formanni.
 - a. Eiður upplýsir stjórnarmeðlimi um að það sé ágreiningur varðandi ákveðin hluta af þeim launahækkunum sem taka gildi í nú í janúar. Það fer fyrir félagsdóm.
 - b. Spurning hvort að félagið sendi fulltrúa á tvö þing sem sem áætluð eru í lok árs í Bangkok í Tailandi. Þarf að skoða betur.
2. Fjárhagsáætlun 2026.

Eiður fer yfir fjárhagsáætlun félagsins. Samþykkt.
3. Tillaga um kosningar á löggiltum endurskoðanda, tillaga fyrir aðalfund 2026.

Tillaga gerð um að Enor taki þetta ár. Samþykkt.
4. Fjárfestingarstefna FVSA 2026.

Eiður kynnr fjárfestingarstefnu félagsins. Samþykkt.
5. Framlag í vinnudeilusjóð 2026.

Tillaga fyrir aðalfund 2025 var 3 milljónir. Samþykkt að hækka upp í 3.5 milljónir.
6. Tillaga fyrir aðalfund 2026 um laun stjórnar, stjórnar sjúkrasjóðs, trúnaðarráðs og fundi trúnaðarmanna.

Samþykkt að hækka stjórnarlaun um 3,5% en halda óbreyttu vegna fundar trúnaðarmanna.
7. Freyvangsleikhúsið sýnir gamanleikinn, Tom, Dick og Harry, eftir bresku feðgana Ray Cooney og Michael Cooney. Samþykkt að skrifstofa félagsins fari í það að skipuleggja ferð fyrir ellilífeyrisþega félagsins á þessa sýningu .
8. Leigutími orlofshúsa – verð á sólahringsleigu.

Eiður útskýrir fyrir stjórnarmeðlinum hvernig leigutími er uppsettur í nýja kerfinu. Spurning hvort að það eigi breyta fyrirkomulaginu eða láta reyna á það í ár og endurskoða svo. Samþykkt að láta reyna á þetta svona.

Verð á sólahring á orlofskostum félagsins hefur hækkað en það er til að hægt sé að halda helgarleigum á viðráðanlegu verði. Samþykkt að halda verðinu svoleiðis og endurskoða eftir ár.

9. Önnur mál

Ekkert undir önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið.